



**MINNINGARSJÓÐUR
BRYNDÍSAM KLÖRU**

Ársreikningur 2025

Minningarsjóður Bryndísa Klöru
Borgartún 27
105 Reykjavík

kt. 430924-0600

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Skýrsla og áritun stjórnar

Minningarsjóður Bryndísar Klöru var stofnaður í september 2024, í kjölfar andláts hennar þann 30. ágúst eftir hnífaárás á Menningarnótt Reykjavíkurborgar.

Tilgangur og markmið sjóðsins er að styðja við almannaeillaverkefni sem miða að því að vernda börn gegn ofbeldi og efla samfélag þar sem samkennd og samvinna eru í forgrunni.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og er Frú Halla Tómasdóttir forseti Íslands, verndari sjóðsins.

Mótteknir styrkir til sjóðsins á árinu 2025 námu samtals kr. 83.143.337. Afkoma ársins nam kr. 83.179.001 og eigið fé sjóðsins í lok árs nam kr. 114.302.632.

Enginn launakostnaður var hjá sjóðnum á árinu 2025.

Á árinu 2025 fór fram fyrsta úthlutun úr sjóðnum, þann 2. febrúar, þar sem veittir voru styrkir til verkefna sem styðja við markmið sjóðsins um forvarnir gegn ofbeldi og eflingu samfélagslegrar samkenndar. Jafnframt var á árinu unnið markvisst að uppbyggingu Bryndísarhlíðar, sérhæfðrar ofbeldis- og áfallamóttöku innan Landspítala, þar sem sjóðurinn er fjárhagslegur bakhjarl verkefnisins.

Stjórn leggur áherslu á að tryggja faglega stjórnarhætti, gagnsæi í fjárreiðum og ábyrga ráðstöfun fjármuna. Markmið sjóðsins er að byggja upp sjálfbæran fjárhagslegan grunn, auka fyrirsjáanleika í fjármögnun og þróa skýra mælikvarða á árangur þeirra verkefna sem hljóta stuðning. Með því er stefnt að því að tryggja að starfsemi sjóðsins skili varanlegum samfélagslegum áhrifum í samræmi við tilgang hans.

Stjórn Minningarsjóðs Bryndísar Klöru, staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025.

Reykjavík, 16. mars 2026

Guðrún Inga Sívertssen, formaður

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir

Iðunn Eiríksdóttir

Guðni Már Harðarson

Birgir Karl Óskarsson

Áritun endurskoðanda

Stjórn Minningarsjóðs Bryndísar Klöru.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Minningarsjóðs Bryndísar Klöru fyrir árið 2025 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn sjóðsins hefur lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðiþekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn er ábyrg fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn hefur lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Reykjavík, 16. mars 2026

Rekstrarreikningur ársins 2025

		2025	2024
Tekjur:			
Styrkir frá einstaklingum		2.835.075	8.981.391
Styrkir frá fyrirtækjum		2.506.751	7.212.925
Styrkir frá verkefnum og félagasamtökum		77.801.511	18.765.944
Samtals tekjur	4	83.143.337	34.960.260
Gjöld:			
Kostnaður við viðburði og öflun styrkja		3.455.980	0
Annar rekstrarkostnaður		512.543	0
Samtals gjöld		3.968.523	0
Afkoma fyrir fjármagnsliði		79.174.814	34.960.260
Fjármagnsliðir:			
Vaxtatekjur		4.004.187	501.538
Afkoma ársins.....	6	83.179.001	35.461.798

Efnahagsreikningur

Eignir

31.12.2025 31.12.2024

Veltufjármunir:

Íslandsbanki - styrktarreikningur	751.341	3.302.011
Íslandsbanki - vaxtareikningur	113.551.291	32.159.787
Veltufjármunir samtals	114.302.632	35.461.798

Eignir samtals 114.302.632 35.461.798

Eigið fé og skuldir

31.12.2025 31.12.2024

Eigið fé:

Eigið fé í upphafi árs	35.461.798	0
Úthlutað til verkefna	(4.338.167)	0
Afkoma ársins	83.179.001	35.461.798
Eigið fé samtals 6	114.302.632	35.461.798

Eigið fé og skuldir samtals 114.302.632 35.461.798

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Félagið

1. Minningarsjóður Bryndísar Klöru er sjálfseignarstofnun, skráð sem félagasamtök og er lögheimili sjóðsins að Borgartúni 27 í Reykjavík.

Sjóðurinn var stofnaður til að heiðra og varðveita minningu Bryndísar Klöru Birgisdóttur sem lést í kjölfar hnífaárásar á menningarnótt í Reykjavík í ágúst 2024. Tilgangur og markmið sjóðsins er að styðja við almannaheillaverkefni sem miða að því að vernda börn gegn ofbeldi og efla samfélag þar sem samkennd og samvinna eru í forgrunni. Sjóðurinn mun leggja áherslu á að veita styrki til fræðslu, rannsókna og vitundarvakningar til að koma í veg fyrir að slíkar hörmungar endurtaki sig. Fjáröflun til að standa straum af framangreindu er í formi frjálstra styrkja til sjóðsins.

Grundvöllur reikningsskilanna

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir hann á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Færsla styrkja

3. Tekjur af fengnum styrkjum eru færðar þegar sjóðurinn hefur mótttekið greiðsluna. Tekjur eru ekki færðar tengt yfirstandandi fjáröflunum eða þegar önnur óvissa er fyrir hendi.

Mótteknir styrkir

4. Sjóðnum bárust alls 324 styrktargreiðslur á árinu 2025 og sundurliðast þær eftirfarandi:

	2025	2024
Einstaklingar (261)	2.835.075	8.981.391
Fyrirtæki (15)	2.506.751	7.212.925
Verkefni og félagasamtök (48)	77.801.511	18.765.944
Samtals styrkir	83.143.337	34.960.260

Styrkir frá fyrirtækjum sundurliðast eftirfarandi:

Svalt ehf.	1.000.000
KPMG ehf.	494.812
Vesturkot ehf.	250.000
Bakland - endurskoðun og ráðgjöf ehf.	250.000
Hreint ehf.	150.000
IDT ehf.	100.000
Seatrips ehf.	100.000
Styrkir frá öðrum fyrirtækjum (8)	161.939
Styrkir frá fyrirtækjum	2.506.751

Skýringar, frh.

Styrkir vegna verkefna og félagasamtaka sundurliðast eftirfarandi:

Thorvaldsensfélagið, 150 ára afmæli - styrkur til Bryndísarhlíðar, desember	20.000.000
Kærleiks Kristall Ölgerðarinnar (250.000 dósir), júní-ágúst	16.248.056
Sala á Góðgerðarpizza Domino's (4.000 pizzur), apríl	14.519.028
Áheit Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka (2.849 áheit), ágúst	14.300.167
Fótboltadeild Fram - góðgerðarleikir, ágúst	2.000.000
Góðgerðarvika NFFVÍ, febrúar	1.321.940
Kársnesskóli, góðgerðardagur, maí	1.273.881
Kærleikstónleikar Miðgarði, september	1.200.000
Söngur jóla með Alex Óla - tónleikar, desember	1.033.728
Nesklúbburinn - Einvígið á Nesinu, ágúst	1.000.000
Svölurnar, september	1.000.000
Oddfellowstúkur í Vonarstræti - ágóði, desember	624.382
Leiksýningar í Salaskóla og Heiðarskóla, apríl	533.000
IOOF - Stúka nr. 7 Þorkell Máni, desember	500.000
Starfsmannafélag VÍS trygginga, september	321.647
Ármann - Íslandsmeistarmót í bekkpressu, ágúst	300.000
Vatnsendaskóli - Góðgerðarhlaup, október	279.000
Sálfræðihúsið - Kærleiksdanspartý, ágúst	255.000
IOOF - Stúka nr. 21 - Bríet, maí	200.000
Kvenfélag Kjósarhrepps, september	200.000
Félag löggiltra endurskoðenda - ráðstefnuþóknun, nóvember	200.000
Þórduna - peysusala í VMA, nóvember	165.500
Flóaskóli - fjáröflun, mars	111.200
Ýmis framlög góðgerðar og félagasamtaka (7)	214.982
Styrkir af verkefnum og frá félagasamtökum	77.801.511

Eigið fé

- Úthlutanir úr sjóðnum fara fram 2. febrúar ár hvert. Fyrsta úthlutun fór fram í febrúar 2025 og hlutu fimm verkefni styrki á árinu alls að fjárhæð kr. 4.338.167.
- Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Eigið fé
Eigið fé 1.1.2025	35.461.798
Úthlutað til verkefna á árinu	(4.338.167)
Afkoma á árinu	83.179.001
Eigið fé 31.12.2025	114.302.632

Önnur atriði

- Engar áfallnar skuldir eða skuldbindingar eru til staðar hjá sjóðnum í árslok 2025.
- Sjóðurinn er undanþeginn skattskyldu á grundvelli 4. tl. 4. gr. laga nr. 90/2003.